

einhver beinlínis beiðist þess, og sá, sem gjalda skal tíund, skýrir greinilega frá, og skal um þetta nákvæmlega ritað í hreppsbókina, og sá, sem segir rangt til, hafður fyrir tíundasvikum. Að endingu hefir amtið farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki þessar ráðstafanir.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á þær ráðstafanir, sem gjörðar hafa verið.

1871.
29. júní.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um sveitarstyrk handa óskilgetnu barni.

30. júní.

Með álitsskjali, dagsettu 20. febr. þ. á., hefir amtið sent hingað aptur skjal nokkurt, þar sem fyrrum hreppstjóri í Kelduneshrepp, Björn Arnason á Arnanesi, hefir skotið til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, sem amtið hefir kveðið upp 25. septbr. 1866,¹ og ákveður útaf ágreiningi, sem orðið hefir milli tæðs hrepps og Skeggjastadahrepps í Norðurmúlasýslu um það, hvort hinn síðar nefndi hreppur skuli endurgjalda Kelduneshreppi 21 rd., sem borgaðir hafa verið fyrir framfærslu óskilgetinnar dóttur Guðnýjar

1) Úrskurður amtsins er svo látandi:

„Jafnframt og eg hérmeð verð að lýsa því yfir, að mér finnst næsta tortryggilegt próf það, er fyrverandi sýslumaður í Þingeyjasýslu, kansellíráð Þorsteinn Johnsen, hefir að boði amtsins í bréfi frá 5. marz þ. á. tekið um efnahag og ástand Sigurbjarnar Þorgrímssonar og Guðnýjar Ásbjörnsdóttur, og síðan með bréfi 17. águst næstl. sent hingað án allra athugasemda málinu viðkomandi, — þá finnst eg ekki ástæðu til, að skylda hreppstjórnann í Skeggjastadahrepp í Norðurmúlasýslu, þar sem Guðný Ásbjörnsdóttir er viðurkend sveitlæg, að leggja nokkuð með barni hennar og Sigurbjarnar, frá fæðingu þess þangað til það sáladist í febrm. í vetur, einsog Guðný hefir skýrt frá við prófið, heldur verður hreppstjóri Björn Arnason í Arnanesi eftir atvikum að annast um borgun fyrir framfæri barnsins á meðan það lifði, gegn endurgjaldi frá foreldrum þess.

1871.
30. júní.

Ásbjarnardóttur, að Skeggjastaðahreppur skuli vera laus við að borga nokkuð með tæðu barni, og leggur hreppstjóra Birni Árnasyni fyrir, að sjá um borgun fyrir framfærslu barnsins, ámeðan það lifði, gegn endurgjaldi frá foreldrum þess.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að með því það er viðurkennt, að Guðný Ásbjarnardóttir eigi sveit í Skeggjastaðahrepp í Nordurmúlasýslu, og ekki eru nægar ástæður til að hafna þeim skýrslum, sem fengizt hafa bæði um það, að hún og barnsaðirinn hafi ekki haft efni til að greiða neitt til framfærslu barnsins, og að kjör þeirra hafi ekki batnað síðan, verður Skeggjastaðahreppur að endurgjalda Kelduneshreppi nefnda upphæð.

30. júní.

61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækku á jarðarafgjaldi.

Í bræfi 9. marz þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að umboðsmaður Kirkjubæjar og Þykkvabæjar klausturs, dannebrogsmáður Jón Jónsson, hafi farið þess á leit, að leiguliðanum á Fjósakoti, sem heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, Halldóri Sveinssyni, verði í þóknunar skyni fyrir það, að hann vorið 1867 hefir varið 36 dagsverkum til þess að hafa burt foksand úr túninu, heygarðinum og kálgarðinum, gefin upp landskuldin til fardaga 1871, sem er 20 áln., annar helmingurinn á 8 sk. hver alin, og hinn helmingurinn samkvæmt meðalverði allra meðalverða verðlagsskrárinnar, og afgjald af rekafjöru, sem er 36 sk., og enn fremur, að leiguliðanum á jörðunni Ytri-Lyngum undir sama umboði verði fyrir 6 dagsverk til hins sama veitt 11 áln. linun í landskulddinni fyrir sama fardagaár, en hún er 20 áln., hver alin af öðrum helmingnum talin eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg, en af hinum helmingnum talin 8 sk. virði, þannig að þessi lækku einkum sé látin lenda á fyrri helmingnum; jafnframt þessu hafið þér stungið uppá, að þetta verði hvorttveggja veitt, en eptir verðlagsskrá